

9. gr.

Í töflu í VI. kafla, staflið D, í tölulið 10.0 sem ber heitið „Bindiefni, kekkjavarnarefni og storkuefni“, í dálknum „EBE-nr.“ fellur númerið „E 553“ brott og í staðinn kemur númerið „E 562“.

10. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 22 29. mars 1994 um eftirlit með fódri, áburði og sáðvöru og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 16. september 1998.

F. h. r.

Guðmundur Sigbórsson.

Hjördís Halldórsdóttir.

SKIPULAGSSKRÁ

Skólabókasafnssjóðs Helgu Proppé.

1. gr.

Sjóðinn stofnar Lúðvík Kristjánsson rithöfundur, til minningar um eiginkonu sína Helgu Proppé. Helga fæddist í Ólafsvík 1910 og lést 1989 í Hafnarfirði.

2. gr.

Aðsetur sjóðsins er í Ólafsvík.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er framlag Lúðvíks Kristjánssonar kr. 500.000 sem lagt er fram 17. maí 1992. Stofnfé má eigi skerða.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru vextir af stofnfé hans svo og aðrar tekjur, sem honum kunna að áskotnast.

5. gr.

Tekjum sjóðsins skal verja til bókakaupa í þágu Grunnskólans í Ólafsvík.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn: Skólastjóri Grunnskólans í Ólafsvík, sem jafnframt skal vera formaður hennar, bókavörður skólans og Véný Lúðvíksdóttir kennari. Njóti hennar ekki lengur við skal elsti afkomandi hennar á hverjum tíma taka sæti í sjóðstjórn.

7. gr.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir árlega af löggiltum endurskoðanda. Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið.

8. gr.

Sjóðurinn skal varðveitast í Sparisjóði Ólafsvíkur. Skal hann verðtryggður og bera hæstu innlánsvexti sparisjóðsins á hverjum tíma.

9. gr.

Breytingar á skipulagsskrá þessari má gera, ef það telst nauðsynlegt eða heppilegt vegna breyttra aðstæðna, en til þess þarf samþykki allra stjórnarmanna.

10. gr.

Með tillögur um niðurlagningu sjóðsins skal fara sem breytingar á stofnskrá þessari en að auki þarf samþykki dómsmálaráðherra. Ef sjóðurinn verður lagður niður skulu eignir hans renna til bókasafns Grunnskóla Ólafsvíkur.

11. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 11. september 1998.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Fanney Óskarsdóttir.